

## Málefni Herdísarvíkur, minnisblað, lagt fyrir háskólaráð 19. nóvember 2015

Efni: Jörðin Herdísarvík í Selvogi

Höfundar: Guðmundur R. Jónsson, Sigurlaug I. Lövdahl, Þórður Kristinsson

Þann 28. september 1935 ánafnaði Einar Benediktsson, skáld, Háskóla Íslands jörðina Herdísarvík í Selvogshreppi í Árnæssýslu með gjafarbréfi. Gjöfin var bundin því skilyrði að frú Hlín Johnson, fengi að búa í íbúðarhúsi á jörðinni svo lengi sem hún vildi eða þangað til hún félli frá.

Árið 1940 gaf Hlín Johnson háskólanum þau hús og mannvirki sem hún hafði látið gera á jörðinni; fjárhús, íshús, girðingar og sjóvarnargarð. Hlín andaðist árið 1965 og var íbúðarhúsið gefið háskólanum til ótímabundins halds og forsjár árið 1970.

Í mörg ár var íbúðarhúsið nýtt af Háskóla Íslands sem orlofshús fyrir starfsmenn. Smám saman lagðist starfsemin af og voru ástæður m.a. þær að húsakosturinn þótti ekki mæta kröfum samtímans um aðbúnað. Ekkert rafmagn er í húsinu né heitt vatn og kalt vatn hefur þurft að sækja í brunn. Húsið hefur ekki verið nýtt sem orlofshús síðustu 15 ár og aðeins lágmarksviðhald átt sér stað.

Eftir að Suðurstrandarvegur var lagður er Herdísarvík nú í alfaraleið og margir hafa sýnt staðnum áhuga og velvild. Á 150 ára fæðingarafmæli Einars Benediktssonar stóð *Grimmhildur*, nemendafélag á Hugvísindasviði, fyrir gerð upplýsingaskiltis nálægt húsinu um líf og störf Einars og Hlínar. Á sama tíma hafði Ferlir (Ferðahópur rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík - ferlir.is) frumkvæði að gerð minja- og örnefnakorts á sama stað. Háskóli Íslands kom að uppsetningu skiltanna.

Í Selvogi eru alls níu jarðir. Biskupsstofa / Kirkjuráð hefur hrint af stað vinnu við gerð deiliskipulags á þeim jörðum sem tilheyra Strandarkirkju, en þær eru 9926 ha (fjórar jarðir), jörðin Herdísarvík er 3937 ha og aðrar jarðir (fjórar jarðir) samtals 6073 ha.

Selvogur er með tilkomu Suðurstrandarvegur að breytast úr fremur afskekktu svæði yfir í svæði þar sem bílaumferð og önnur umferð fer vaxandi og ferðamannstraumur eykst. Þá mun einnig ásókn eftir jarðnæði á svæðinu aukast t.d. fyrir hestaeigendur. Jarðir Strandarkirkju eru fremur óviðbúnar þessum breytingum eins og sagt er í samantekt um forsendur deiliskipulagsvinnunnar.

Vinna við gerð deiliskipulagsins er í höndum Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur. Búið er að vinna mikla undirbúningsvinnu þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um náttúrfar og náttúruminjar, byggðasögu svæðisins og búsetuskilyrði (samgöngur, rafmagn, aðgangur að heitu og köldu vatni o.fl.) og fornminjar / fornleifar. Jarðareigendum annarra jarða en Strandarkirkju hefur verið boðið að vera með í deiliskipulagsvinnunni.

Kallað er eftir að Háskóli Íslands leggi fram sína framtíðarsýn um nýtingu jarðarinnar Herdísarvík. Hugmyndir hafa komið fram um að nýta mætti svæðið sem einskonar „lífandi rannsóknastofu“ fyrir fræðigreinar eins og jarðfræði, verkfræði, bókmenntir, landfræði, ferðamálafræði, örnefnafræði o.fl. Ef hugmyndin fengi brautargengi þá er ljóst er að einhver uppbygging mannvirkja þyrfti að eiga sér stað.

Við leggjum til að háskólinn þiggi boð um að vera með í deiliskipulagsvinnunni. Ekki er gert ráð fyrir að af því hljóti mikill kostnaður.